# Strandgata 28




***Strandgata 28 er lóð í eigu Hafnarfjarðarbæjar sem er staðsett við eiginlega göngu/verslunargötu bæjarins. Stærð lóðar er 1800 m2.***

Strandgatan hefur mikla möguleika til að verða frábært útivsæði fyrir almenning. Hún hefur allt til þess að bera sem prýðir góða göngugötu. Hún hefur góð græn svæði inn á milli íbúðar-og verslunar -húsnæðis, almenningstorg, tjarnir og læki. Umrædd lóð hefur staðið lengi auð og er núverandi ástand lóðar engin prýði fyrir annars góða götu. Þar eru mjög mörg bílastæði, svæði með grasi og lítið steypt plan sem áður var húsgrunnur, einn bekkur og nokkur tré. Lóðin er í góðu skjóli milli húsa pg hefur mikla möguleika til að verða frábært almenningsrými. *Hér er gerð tillaga að breytingu 1300m2 af þessari lóð út frá hugmyndafræði Jan Gehl að mannlífi milli húsa og einnig þeim rannsóknum sem ég hef lesið um hvernig götumynd fólk kýs helst. Breytingar munu styðja við andlega og líkamlega heilsu bæjarbúa með aukinni hreyfingu að torginu og á því og hvetur svæðið til aukinna félagslegra samskipta á torginu, meðal ýmissa hópa.*

## Fyrir og eftir umbætur









- Fækkun bílastæða, þau eru allt of mörg nú þegar í kringum svæðið og við það og letja fólk til hreyfingar. Nóg af stæðum allsstaðar í kringum Strandgötuna og því myndi það vera til bóta að draga úr bílastæðum við torgið sjálft og hvetja til frekar gönguferða og hreyfingar.
- Auka gróður á svæðinu töluvert og afmarka svæðið með gróðri. Skv. rannsóknum kýs fólk náttúrulegt umhverfi og gróður (sjá mynd 1, 2, 3 og 4), og líður betur í náttúrulegu umhverfi og passlega mikilli umlykingu umhverfis.
- Hundar í Hafnarfirði eru um 800 og ekkert eiginlegt svæði fyrir hunda og eigendur þeirra til hittings. Innan torgs verður svæði tileinkað hundum. Þjálfunartæki fyrir hunda og bekkir sem nota má bæði fyrir þjálfun og sem setsvæði fyrir hundaeigendur. Góðr yfirsýn, lokað af með gróðri.
- Við Strandgötuna er engin leikaðastaða fyrir börn. Stór leikjakastali verður innnan svæðis og setsvæði í hring utan um leiksvæði. Innan torgsins og hægt að leika á hjólabrettum og línuskautum á torginu.
- Gosbrunnar verða á torginu. Skv. rannsóknum hefur vatn aðráttarafl og fólki líður vel þar sem vatn er. Einnig hægt að nota til að brynna hundum (sjá mynd 3 og 4).
- Setbekkir verða víða um svæðið. Setbekkir í kringum leiksvæði barna gefa góða umlykningu og yfirsýn við að fylgjast með (sjá mynd 4). Setbekki rá hundasvæði (sjá mynd 2).
- Bekkur með gróðursvæði í miðju. Hægt að sitja allan hringinn og gróðurinn gefur skjól og þann eiginleika að fólk situr upp við eitthvað, ekki á berangri (sjá mynd 1).
- Gömul mynd af Strandgötunni verður sett á gafl húss og býr til skemmtilega stemmningu á torginu (sjá mynd 2).

## Tillögur að umbótum



















**Núverandi á lóðinni eru:**

1. Bílastæði
2. Steypt plan
3. Gras
4. Bekkur
5. Steypt blómaker 3 stykki
6. Afmörkun milli bílastæða og lóðar með steinum
7. Göngustígur

**Tillaga að breytingu:**

1. Bílastæði
2. Leiksvæði fyrir börn með stórum klifurkastala og perlumöl
3. Leiksvæði fyrir hunda með þjálfunartækjum og setbekkjum sem nýtast einnig til þjálfunar
4. Gosbrunnar
5. Stórir og góðir bekkir í hring
6. Gróðurbeð
7. Göngustígar
8. Gróður notaður til afmörkunar milli bílastæða og lóðar
9. Gömul mynd af Strandgötu sett á húsgafl við torgið.

Landbúnaðarháskóli Íslands - Umhverfi, skipulag og lýðheilsa - Kennari: Kristín Pétursdóttir - Nemandi: Eva Ósk Guðmundsdóttir